

## 107. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn mánudaginn 31. október 2005 kl. 19:00 í kaffistofu skólans. Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Sævar Harðarson, ritari, Sigurður Páll Jónsson, varamaður.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.  
2. Önnur mál.

### 1. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir starfið. Nemendur tónlistarskólans eru 116 í dag.

Skólastjóri hafði samband við FSN um hvort eða hvernig kostnaðarhlutdeild ríkisins er háttað hjá nemendum á framhaldsskólastigi en engin svör hafa borist enn.

Fyrstu tónfundum er að ljúka þessa vikuna. Frí í tónlistarskóla fylgja fríum Grunnskólans í vetur. Rætt var um dagsetningu á skólaslitum.

Rætt var um dag tónlistarskóla sem verður haldinn 25. febrúar og rætt var um hvernig hægt væri að brjóta upp hefðbundna kennslu.

Stefnt er að æfingabúðum lúðrasveita 18.-20. nóvember. Búið er að stofna foreldrafélag í lúðrasveitinni. Farið var með hóp á landsmót lúðrasveita á Akranesi. Litla lúðrasveitin verður með tónleika 10. nóvember hjá yngri bekkjum grunnskólans ásamt því að fara í leikskólann.

Rætt var um kostnað vegna prófgjalda vegna stigsprófa, hvernig standa skuli að gjaldtöku vegna þeirra. Ákvörðun biður næsta funds.

Nefndin og skólastjóri fagna vinnu við stefnumörkun í húsnæðismálum grunn- og tónlistarskóla og einnig nýundirritaðs menningarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi.

### 2. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 20:25.

Sævar Harðarson (sign.),  
Sigurður Páll Jónsson (sign.),  
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).